

Fundur Hússtjórnar Þjóðveldisbæjarins  
Fimmtudaginn 21.12.2023  
Teamsfundur, kl. 12:30-13:00

Mætt voru: Guðmundur Finnbogason, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Vilhelmína Jónsdóttir og Harpa Þórsdóttir sem ritaði fundargerð.

### Fundargerð

Gögn lágu fyrir fundinn sem Bjarni Hlynur tók saman frá HMS vegna skráningar á lóð Þjóðveldisbæjarins og sendi í t-pósti til fundarmanna í gær.

Efni fundarins: Lóðarmál

Á fundinum var farið yfir stöðuna og hefur Vilhelmína átt samtalið við Regínu í forsætisráðuneyti þar sem kom í ljós að þjónustuhús á bílastæði setur lóðarmál í annað samhengi. Fundarmenn sammála um að ná þurfi sameiginlegum skilningi allra svo hægt sé að lenda málum.

Vilhelmína lagði til að hússtjórn fari þá leið sem er auðveldari. Á tímabili, undanfarnar vikur, hafi litið út sem hússtjórn þyrfti ekki að hafa þjónustuhús á sinni könnu. Það gæti verið hluti af bílastæði og þar með sveitarfélagsins. En miðað við það sem kemur fram í forsætisráðuneytinu, þá sé staðan hugsanlega sú að þjónustuhús verði að vera hluti af verkefni Hússtjórnar og sú lóð tilheyri Þjóðveldisbæ. Enda þarf þjónustuhús með Þjóðveldisbænum.

Fundarmenn sammála um að bílastæðagjald og gjaldtaka til að fara í Þjóðveldisbæinn gengur ekki upp og því þarf að komast á hreint með hvernig lendingu verði náð, ekki megi koma fram nýjar kvaðir. Bjarni sagði að sveitarfélagið sé að vinna heildrænt í bílastæðamálum og innviðum þeim tengdum í Þjórsárdalnum með samningum við Umhverfisstofnun. Hugmyndin að gesturinn sem kemur í dalinn borgi eitt gjald fyrir bílastæði. Þegar hótelið verður opnað 2027 fari allt af stað í dalnum og innviðir í lagi, það er uppleggið.

Sveitarfélagið þarf að vera til í þá útfærslu að rúkkun verði á hendi Þjóðveldisbæjar, ekki sé hægt að fara í tvöfalt kerfi.

#### Næstu skref:

Bjarni mun ræða við Harald sveitarstjóra næstu daga. Haraldur muni einnig koma á fund með Vilhelmínu, Regínu og lögfræðingum í forsætisráðuneytinu til að fara yfir lóðarmál í byrjun janúar til að mál skýrist betur.

#### Önnur mál:

Rekstraraðili er væntanlega að vinna í að fá bráðabirgðastöðuleyfi fyrir næsta sumar. Skúrinn stendur enn á bílastæðinu. Búið er að loka Þjóðveldisbænum fyrir veturinn og taka allt dót sem tilheyrði sumarsýningunni. Varmadæla - Búið er að setja upp skerma og allt klappað og klárt og kominn reikningur. Mun auka afköst dællunar í einhvern tíma. Bjarni er í sambandi við Sigurð Unnar verkfræðing út af deiliskipulagi og hann er tilbúinn þegar kallið kemur.

Fleira ekki rætt. HÞ/21.12.2023